

Föstudaginn 6. júní 1952.

Nr. 48/1952. **Ákærvaldið** (Guttormur Erlendsson)
 gegn
Guðmundi Fífil Þórðarsyni (Gunnar J. Möller)
 og
Þórði Guðjóni Þórarinssyni
 (Sveinbjörn Jónsson).

Brot gegn 244., 246. og 252. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, áfengislögum, bifreiðalögum og umferðarlögum.

Dómur Hæstaréttar.

Ákærðu lokkuðu mann þann, er í héraðsdómi greinir, á vetrarnóttu á afvikinn stað, þar sem ekki var manna von, börðu hann þar í rot, rændu hann og skildu hann eftir á vettvangi án þess að skeyta um afdrif hans. Að þessu athuguðu og með skírskotun til raka hins áfrýjaða dóms þykir refsing ákærða Guðmundar Fífil Þórðarsonar hæfilega ákveðin fangelsi 3 ár og refsing ákærða Þórðar Guðjóns Þórarinssonar fangelsi 2 ár og 6 mánuði. Að öðru leyti þykir mega staðfesta héraðsdóminn.

Ákærðu greiði hvor um sig málflutningslaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, kr. 900.00. Allan annan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar á meðal málflutningslaun skipaðs sækjanda fyrir Hæstarétti, kr. 1200.00, ber ákærðu að greiða in solidum.

Dómsorð :

Ákærði Guðmundur Fífill Þórðarson sæti fangelsi 3 ár.

Ákærði Þórður Guðjón Þórarinsson sæti fangelsi 2 ár og 6 mánuði.

Ákvæði héraðsdóms um frádrátt gæzluvarðhaldstíma, sviptingu réttinda ákærðu, skaðabætur og málskostnað staðfestast.

Ákærði Guðmundur Fífill Þórðarson greiði málflutningslaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Gunnars J. Möllers hæstaréttarlögmanns, kr. 900.00.

Ákærði Þórður Guðjón Þórarinsson greiði málflytningu skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Sveinbjörns Jónssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 900.00.

Allan annan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar á meðal málflytningu skipaðs sækjanda fyrir Hæstarétti, Guttorms Erlendssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 1200.00, greiði ákærðu in solidum.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 22. desember 1951.

Ár 1951, laugardaginn 22. desember, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu dómsins af Halldóri Þorbjörnssyni fulltrúa sakadómarara, kveðinn upp dómur í málinu nr. 4442—4443/1951: Ákærvaldið gegn Guðmundi Fífil Þórðarsyni og Þórði Guðjóni Þórarinssyni, sem tekið var til dóms hinn 14. þ. m.

Í máli þessu er Guðmundur Fífill Þórðarson verkamaður, Langholtsvegi 164, ákærður fyrir að hafa framið eftirtalin afbrot:

Brot gegn 1. mgr. 21. gr. áfengis laga nr. 33/1935, 2. mgr. 4. gr. umferðarlaga nr. 24/1941 og 1. mgr. 23. gr. bifreiðalaga nr. 23/1941 með því að ætla undir áhrifum áfengis um kl. 5.45 laugardaginn 9. júní s.l. að setja í gang og aka bifreiðinni R-849, er stóð á Þórsgötu í Reykjavík, en er það ekki tókst, þá að setjast undir stýri og láta bifreiðina renna frá Þórsgötu og niður að Bifröst við Hverfisgötu.

Brot gegn 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 með því að hafa um kl. 24 fimmtudaginn 30. ágúst 1951 farið inn um ókræktan glugga inn í Gúmmíbarðann h/f við Skúlagötu hér í bæ og tekið þaðan að ófrjálsum tvo nýsolaða bifreiðahjólbarða.

Brot gegn 1. mgr. 21. gr. áfengis laga, 1. mgr. 23. gr. og 1. mgr. 27. gr. bifreiðalaga og 2. gr. umferðarlaga með því að hafa aðfaranótt þriðjudagsins 18. sept. s.l. ekið bifreiðinni R-849 ölvaður um götur bæjarins og ekið aftan á aðra bifreið á Vitatorgi.

Að hafa í sumar tekið felgu af bifreið í Hlíðahverfi og slegið eign sinni á hana.

Brot gegn 1. mgr. 21. gr. áfengis laga og 1. mgr. 23. gr. bifreiðalaga með því að hafa miðvikudagskvöldið 24. okt. s.l. ekið bifreiðinni R-849 með áfengisáhrifum frá benzínstöð Nafta h/f inn í Austurstræti.

Þá eru þeir Guðmundur Fífill Þórðarson og meðákærði Þórður Guðjón Þórarinsson verkamaður, Lokastíg 28, ákærðir fyrir brot gegn 252. gr. almennra hegningarlaga og 1. mgr. 17. gr. áfengis laga með því að hafa sunnudagskvöldið 11. nóv. s.l. neytt áfengis í tveimur veitingastofum hér í bæ, Heitt og Kalt og Breiðfirðingabúð, og fyrir að hafa síðar um nótt-

ina ráðizt á Teit Jensson verzlunarmann, Baldursgötu 29, inni í portu við Sölvhólsstötu, barið hann í rot og rænt hann kr. 1900,00 svo og fyrir að hafa hinn 13. nóvember neytt áfengis í veitingastofu í Hafnarfirði. Þórður Guðjón er og sakaður um að hafa framið brot gegn 15. gr. áfengis laga með því að hafa selt eina brennivinsflösku að kvöldi hins 11. nóvember.

Krafizt er, að ákærði Guðmundur Fífill verði dæmdur til refsingar samkvæmt 244. gr. og 252. gr. hegningarlaga, 38. gr. bifreiðalaga, 14. gr. umferðarlaga, 1. mgr. 37. gr. og 39. gr. áfengis laga, en Þórður Guðjón skv. 252. gr. hegningarlaga, 1. mgr. 33. gr. og 1. mgr. 37. gr. áfengis laga. Þeir eru báðir ákærðir til sviptingar réttinda samkvæmt 3. mgr. 68. gr. hegningarlaganna, en Guðmundur Fífill auk þess til sviptingar bifreiðarstjóraréttinda samkvæmt 39. gr. áfengis laga og 39. gr. bifreiðalaga. Loks er þess krafizt, að þeir verði dæmdir til greiðslu skaðabóta og málskostnaðar.

Ákærði Guðmundur Fífill, sem fæddur er 28. apríl 1930 í Reykjavík, hefur sætt eftirtöldum kærnum og refsingum:

- 1939 17/4 Kærður fyrir þjófnað á armbandsúri. Afgreitt til barnaverndarnefndar.
- 1940 7/9 Kærður fyrir hnupl á reiðhjólí. Afgreitt til barnaverndarnefndar.
- 1940 19/10 Kærður fyrir hnupl á reiðhjólí. Afgreitt til barnaverndarnefndar.
- 1941 18/2 Uppvís að hlutdeild í hnupli. Afgreitt til barnaverndarnefndar.
- 1941 21/2 Kærður fyrir óknytti. Afgreitt til barnaverndarnefndar.
- 1941 5/12 Kærður fyrir reiðhjólshnupl. Barnaverndarnefnd beðin um ráðstöfun í sveit.
- 1949 26/4 Reykjavík. Sátt: 400 kr. sekt fyrir brot gegn 5. gr., 1. mgr., 26. gr., 2. mgr., og 27. gr., 1. mgr., bifreiðalaga, 46. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur og 2. gr. og 4. gr., 3. mgr., umferðarlaga.
- 1949 26/9 Reykjavík. Sátt: 60 kr. sekt fyrir ógætilegan akstur.
- 1950 1/2 Reykjavík. Sátt: 75 kr. sekt fyrir ölvun á almannaferi.
- 1950 27/3 Reykjavík. Dómur: 6 mánaða fangelsi, sviptur kosningarétti og kjörgengi fyrir brot gegn 244. gr. hegningarlaganna. Skaðabætur í sama máli kr. 6408,00.
- 1950 24/9 Reykjavík. Sátt: 150 kr. sekt og 100 kr. skaðabætur fyrir ölvun og spell.
- 1951 16/3 Reykjavík. 100 kr. sekt og 200 kr. skaðabætur fyrir ölvun og óspektir.
- 1951 1/6 Reykjavík. 150 kr. sekt fyrir ölvun á almannaferi.

Ákærði Þórður Guðjón, sem fæddur er 19. apríl 1931 í Reykjavík, hefur sætt eftirtöldum kærnum og refsingum í Reykjavík:

- 1940 24/11 Kærður fyrir hnupl. Afgreitt til barnaverndarnefndar.
- 1950 8/10 Sátt: 100 kr. sekt og 25 kr. skaðabætur fyrir ölvun, óspektir og spellvirki.

- 1951 2/2 Sátt: 75 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
 1951 13/3 Kærður fyrir ölvun í bifreið. Fellt niður.
 1951 15/7 Kærður fyrir ölvun og ökugjaldssvik. Greiddi ökugjaldið, kr. 75.00. Málssókn felld niður.
 Málavextir eru þeir, er nú skal greina.

I

Föstudagskvöldið 8. júní s.l. fékk ákærði Guðmundur Fifill bifreiðina R-849 lánaða hjá bróður sínum Valdimar. Hann ók niður í miðbæ og hitti nokkra kunningja sína, er voru við skál, og tók þá í bifreiðina. Um kl. 3—4 um nóttina hætti ákærði að aka bifreiðinni og tók að neyta áfengis. Fékk hann Guðmund Axelsson, Freyjugötu 10A, til að aka bifreiðinni með sig og féлага sína. Síðla nætur skildi Guðmundur bifreiðina eftir á Þórsstötu. Ákærði var nú kominn undir áfengisáhrif. Fór hann niður í miðbæ gangandi, en nokkru síðar fór hann að R-849, sem stóð á Þórsstötu, settist inn í hana og ætlaði að koma henni í gang og aka heim. Ekki tókst að koma vélinni í gang, en ákærði lét bifreiðina renna alla leið niður á Hverfisstötu og inn í port við bifreiðastöðina Bifröst. Lögregluþjónn sá til ferða bifreiðarinnar, og var tekið að leita bifreiðarinnar, og fannst hún í nefndu porti. Ákærði var handtekinn litlu síðar og var mjög ölvæður þá. Ákærði hefur skýrt svo frá, að hann hafi drukkið áfengi, eftir að hann yfirgaf bifreiðina, en eigi að síður játað, að hann hafi verið ölvæður við aksturinn. Hefur hann þannig gerzt brotlegur við þau ákvæði, er í ákæru greinir, varðandi þetta brot ákærða.

II

Fimmtudaginn 30. ágúst s.l. hitti ákærði Guðmundur Fifill mann, Þorberg Ágúst Þorbergsson að nafni, sem er bifreiðarstjóri og býr í skála við Sölvhólsgötu. Var Þorbergur Ágúst í bifreið sinni, og fór ákærði í bifreiðina til hans. Litlu síðar hittu þeir Lýð Kristinn Jónsson verkamann, Selbúðum 6, og slóst hann einnig í för með þeim. Svo stóð á, að þeir ákærði og Lýður Kristinn skulduðu Þorbergi Ágústi fjárhæð, er mun hafa numið 230—240 krónum. Segja þeir ákærði og Lýður, að skuldin sé þannig til komin, að Þorbergur Ágúst hafi nokkru áður selt þeim tvær flöskur af áfengi gegn loforði um greiðslu nefndrar upphæðar. Þorbergur Ágúst kveðst aftur á móti hafa lánað þeim fjárhæðina í peningum. Hafði Þorbergur Ágúst mjög gengið á þá féлага um greiðslu, en án árangurs. Ákærði hafði haft á orði að stela hjólbörðum til að greiða skuldina með, en ekki orðið úr framkvæmdum.

Nú er þeir félagar hittust allir, varð það úr, að þeir ákváðu, að Lýður og ákærði skyldu gera innbrot í h/f Gúmmibarðann við Skúlagötu og stela þar hjólbörðum handa Þorbergi Ágústi. Ekki er fullljóst, hver frumkvæðið átti að því í þetta skipti, en ákærði segir, að Lýður Kristinn hafi fyrstur nefnt Gúmmibarðann, Þorbergur Ágúst kveður ákærða hafa gert það, en Lýður Kristinn man ekki um þetta. Það var ákveðið, að þeir skyldu mætast kl. hálf tólf um kvöldið við Útvegsbankann, og gerðu

þeir það. Þorbergur Ágúst ók að Gúmmibarðanum, og fóru ákærði og Lýður Kristinn þar úr bifreiðinni. Þeir komust inn um opinn glugga á húsinu, tóku tvo nýsolaða hjólbarða og fóru út með þá og földu þá niður við sjó nokkru vestar á götunni, en fóru svo til Þorbergs Ágúst, sem beðið hafði þeirra á Vitatorgi. Tók Þorbergur Ágúst síðan hjólbarðana. Fundust þeir í vörzlum hans og komust til skila.

Með verknaði þeim, er nú var lýst, hefur ákærði Guðmundur Fífill brotið 244. gr. almennra hegningarlaga.

Brot féлага ákærða verða afgreidd sérstaklega.

III.

Við rannsókn brots þess, er lýst er undir II hér að framan, var húsleit gerð á heimili ákærða Guðmundar Fífils. Fannst þar ein felga af bifreið, er ákærði kveðst hafa tekið að ófrjálsu einhvers staðar uppi í Hlíða-hverfi. Kveðst hann hafa tekið felguna og falið hana í holtinu hjá Sjómannaskólanum og sótt hana síðar. Ekki hefur ákærði getað lýst því nánar, hvar felgan hafi verið, og ekkert er vitað um eiganda hennar. Í ákæru er ekki tilgreint lagaákvæði það, sem þetta brot ákærða falli undir, en að álitni dómsins ber að heimfæra það undir 246. gr. almennra hegningarlaga, og þykir mega gera honum refsingu fyrir brotið, þar sem því er lýst í ákæru, sbr. 118. gr. laga nr. 27/1951.

IV.

Aðfaranótt hins 18. sept. s.l. fékk ákærði Guðmundur Fífill bifreiðina R. 849 lánaða hjá bróður sínum. Hann ók niður í bæ og tók að neyta áfengis, er hann átti. Gerðist hann ofurólvi. Um nóttina varð honum það á að aka á bifreið, sem stóð kyrr á Vitatorgi. Skömmu síðar var hann handtekinn. Þetta framferði ákærða varðar við ákvæði þau, er í ákæru greinir.

V.

Sannað er með játningu ákærða Guðmundar Fífils og öðrum gögnum, að miðvikudaginn 24. október s.l. ók hann bifreiðinni R. 849 ölvaður um götur bæjarins. Var meðákærði Þórður Guðjón í fylgd með honum. Hefur ákærði Guðmundur Fífill með þessu brotið ákvæði þau, er í ákæru eru tilgreind við þetta sakaratriði.

VI.

Sunnudaginn 12. nóv. s.l. að kvöldi hittust ákærðu niðri í miðbæ. Þeir ákváðu að fara saman að skemmta sér, en skorti fé. Það varð úr, að þeir fóru að skála nr. 13 við Sölvhólsstöðu, og hitti ákærði Þórður þar Þorberg Ágúst Þorbergsson, er áður kemur við sögu, og fékk að láni hjá honum tvær brennivínsflöskur. Með þær fóru þeir niður að bifreiðastöðinni Hreyfli, og seldi Þórður Guðjón þar aðra flöskuna fyrir 110 krónur. Með hina flöskuna fóru þeir félagar inn á veitingastofuna Heitt og Kalt og byrjuðu að neyta áfengis þar. Eftir nokkra stund fóru þeir að nýju mjólkurstöðinni í því skyni að komast á dansleik, sem haldinn var þar í

samkomusalnum. Þeir komust þar ekki inn, og á sömu leið fór fyrir þeim, er þeir reyndu að komast á dansleik í Alþýðuhúsinu. Loks komust þeir á dansleik í Breiðfirðingabúð, og mun það hafa verið skömmu áður en dansleiknum var lokað (kl. 23.30).

Á dansleik þenna höfðu þeir með sér áfengisflöskuna og drukku upp ur henni þar. Annars áfengis neyttu þeir þar ekki.

Undir lok dansleiksins voru ákærðu staddir inni á snyrtiherbergi. Hittu þeir þar Teit Jensson verzlunarmann, Baldursgötu 29. Var hann vel við skál og átti þarna nokkur orðaskipti við ákærðu. Að sögn ákærðu mæltust þeir til þess, að hann legði fram fé til áfengiskaupa. Segja ákærðu Teit hafa tekið því fálega, en látið þess þó getið, að hann skorti ekki fé, og sýnt þeim í veski sitt, þar sem þeir segjast hafa séð 500 króna seðil. Hafi svo ekki orðið frekari orðræður milli þeirra í bili, en ákærðu farið út. Eru ákærðu sammála um, að þá hafi Guðmundur Fífill stungið upp á því, að þeir biðu eftir Teiti, færu með hann afsíðis, slægju hann niður og tækju peningana af honum, og sömuleiðis eru þeir sammála um, að Þórður Guðjón hafi tekið ágætlega undir tillögu Guðmundar Fífills. Biðu ákærðu nú Teits, og er hann kom, tóku þeir hann tali, og leiddust þeir nú allir af stað. Beindu ákærðu förinni um Skólavörðustíg, Bankastræti, Ingólfsstræti, Sölvhólgötu, niður Klapparstíg að Skúlagötu og inn í port við áfengisverzlunina við Skúlagötu (Nýborg). Segja ákærðu, að ekki hafi þeir þó áður verið búnir að ákveða, hvert farið skyldi, né hvernig Teitur skyldi rændur. En frá því skýra ákærðu á þá leið, að er í portið kom hafi ákærði Þórður Guðjón tekið Teit og farið að dansa með hann um portið, en brugðið svo fæti fyrir hann, svo að hann féll. Þá hafi Þórður Guðjón barið hann nokkur högg í höfuðið, en eftir að Teitur var fallinn í rot, hafi Guðmundur Fífill slegið hann einnig, að eigin sögn hans tvö högg, en Þórður Guðjón kveður þau áreiðanlega hafa verið fleiri. Að þessu búnu tók Þórður Guðjón veski mannsins úr rassvasa hans, tók úr því alla peninga, 1900 krónur, og stakk á sig, en skildi veskið eftir. Héldu ákærðu síðan á braut. Ekki kveðst Guðmundur Fífill hafa hugað að því, hvort Teitur væri lifandi eða dauður, þar sem hann lá, en Þórður Guðjón kveðst hafa verið viss um, að hann var lifandi, enda orðið var við, að hann andaði.

Hefur nú verið rakin lýsing ákærðu á verknaði þeirra, en þeir játuðu hann tiltölulega vafningalítið og virðast síðan hafa skýrt samvirkusamlega frá. Sjálfur man Teitur mjög lítið eftir atburðum þessum. Hann kveðst hafa verið á umræddum dansleik og gerzt ölvaður nokkuð. Hann kveðst ekkert muna til, að hann hafi hitt ákærðu á snyrtiherberginu í Breiðfirðingabúð, en man fyrst eftir sér í fylgd með einhverjum ókunnum mönnum í Ingólfsstræti. Hann man ekki, hvort þeir voru tveir eða þrír. Hann kveðst síðan hafa fylgzt með þeim niður Ingólfsstræti, og hafi verið bezta samkomulag milli þeirra. Ekki man Teitur með vissu, hvar ráðið var á hann né hvernig. Man hann þó, að hann sá einn manninn standa fyrir framan sig og láta höggin dynja á sér. Þrýtur minni Teits

þar við, en síðan man hann eftir sér á heimleið. Ekki man hann glögg, hvar hann var, er hann raknaði úr rotinu.

Teitur var nokkuð meiddur eftir árásina, og segir svo um meiðsli hans í vottorði Viðars Péturssonar tannlæknis, dags. 12. nóvember: „Hann er með mikið bólgna neðri vör og alla blóðundirhlaupna með eodem niður á höku.“ Í þinghaldi 15. nóvember, er Teitur kom fyrir dóm, kveður hann marið ekki vera jafngott, en hann sé annars búinn að ná sér að mestu. Föt sin kveður Teitur hafa verið ötuð í óhreinindum og blóði.

Eftir viðskilnað sinn við Teit héldu ákærðu að bifreiðastöðinni Bifröst og náðu í flösku af áfengi þar hjá einhverjum bifreiðarstjóra. Því næst tóku þeir leigubifreið og óku nú lengi um bæinn, og slógust tveir aðrir menn í för með þeim svo og tvær stúlkur. Þeir óku m. a. að slysavarðstofunni, þar sem ákærði Þórður Guðjón lét gera að flumbru, er hann hafði fengið á hendina, er hann sló Teit, að því er hann telur sjálfur. Síðan náðu þeir í aðra leigubifreið og færðu sig í hana með samferðafólki sínu. Var ekið til Keflavíkur, en til Reykjavíkur aftur eftir skamma viðdvöl þar. Þar greiddi Þórður Guðjón leigu fyrir bifreiðina, og skildu ákærðu við samferðafólk sitt. Allan þann dag héldu ákærðu áfram drykkju og skemmtunum. Fóru þeir upp í Skíðaskála og drukku kaffi, en síðan niður í bæ. Síðdegis fóru ákærðu í hús í Höfðaborg, þar sem Þórður Guðjón var kunnugur, og dvöldu þar um skeið. Um kl. 20.30 fóru þeir heim til ákærða Guðmundar Fífil, og gisti Þórður Guðjón þar um nóttina.

Á þriðjudagsmorgunn fóru ákærðu niður í miðbæ og náðu í áfengi, fóru með það suður í Hafnarfjörð og drukku það í veitingaskála einum. Fóru þeir svo aftur til Reykjavíkur og voru að reika þar um bæinn daglangt, enda var féð nú að þrotum komið. Fóru í bió kl. 17, en voru skömmu síðar teknir höndum, enda hafði rannsóknarlögreglan þá frétt um ferðir þeirra og tekið að leita þeirra.

Eftir því, sem nú hefur verið rakið, þykir ljóst, að ákærðu hafa gerzt brotlegir við þau ákvæði laga, er þeir eru ákærðir fyrir að hafa brotið í umrætt skipti.

VII.

Refsing ákærða Guðmundar Fífil Þórðarsonar þykir samkvæmt 244., 246. og 252. gr. almennra hegningarlaga, 38. gr. bifreiðalaga sbr. lög nr. 6/1951, 14. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 37. gr. og 39. gr. áfengislaga og með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga hæfilega ákveðin fangelsi 2 ár, og er þá hafður í huga fyrri brotaferill hans.

Refsing ákærða Þórðar Guðjóns Þórarinssonar þykir samkvæmt 252. gr. almennra hegningarlaga og 1. mgr. 33. gr. og 1. mgr. 37. gr. áfengislaga og með hliðsjón af 77. gr. hegningarlaganna hæfilega ákveðin fangelsi 15 mánuði.

Guðmundur Fífill hefur setið í gæzluvarðhaldi síðan 14. f. m., og Þórður Guðjón var í gæzlu frá sama tíma til 4. þ. m. Ber samkvæmt 76. gr. hegningarlaganna að ákveða, að gæzluvarðhaldsvistin komi refsingu þeirra til frádráttar með fullri dagatölu.

Samkvæmt 3. mgr. 68. gr. hegningarlaga ber að svipta báða hina ákærðu kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga frá birtingu dóms þessa.

Samkvæmt 21. sbr. 39. gr. áfengislaga og 39 gr. bifreiðalaga þykir rétt að svipta ákærða Guðmund Fífil bifreiðarstjóraréttindum ævilangt frá birtingu dóms þessa.

Teitur Jensson hefur krafizt þess, að ákærðu verði dæmdir til þess að greiða honum bætur sem hér segir:

- | | |
|---|-------------|
| 1. Endurgreiðsla á fé því, er rænt var af honum | kr. 1900.00 |
| 2. Kostnaður við hreinsun á fatnaði | — 60.00 |
| 3. Bætur fyrir þjáningar og óþægindi | — 1000.00 |

Samtals kr. 2960.00

Krefst hann og 6% ársvaxta af upphæðinni frá 12. nóv. s.l. til greiðsludags.

Ákærðu hafa samþykkt kröfuna, og ber að taka hana til greina.

Þá ber að dæma hina ákærðu til að greiða allan sakarkostnað. Greiði ákærði Guðmundur Fífill Þórðarson þóknun til skipaðs verjanda síns, Baldvins Jónssonar héraðsdómslögmanns, með kr. 500.00, en ákærði Þórður Guðjón Þórarinsson þóknun skipaðs verjanda síns, Sveinbjörns Jónssonar hæstaréttarlögmanns, með kr. 500.00. — Allan annan sakarkostnað skulu ákærðu greiða in solidum, þar með kr. 700.00 í þóknun til skipaðs sækjanda málsins, Loga Einarssonar héraðsdómslögmanns.

Dómsorð:

Ákærði Guðmundur Fífill Þórðarson sæti fangelsi 2 ár. Hann er frá birtingu dóms þessa sviptur kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga. Einnig er hann frá sama tíma sviptur bifreiðarstjóraréttindum ævilangt, og frestar áfrýjun ekki verkun dómsins að þessu leyti.

Ákærði Þórður Guðjón Þórarinsson sæti fangelsi 15 mánuði. Hann er frá birtingu dóms þessa sviptur kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga.

Gæzluvarðhald hinna ákærðu komi með fullri dagatölu til frádráttar refsingum þeirra.

Ákærðu greiði Teiti Jenssyni kr. 2960.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 12. nóvember s.l. til greiðsludags innan 15 daga frá birtingu dóms þessa.

Ákærði Guðmundur Fífill greiði kr. 500.00 í þóknun til skipaðs verjanda síns, Baldvins Jónssonar héraðsdómslögmanns, og ákærði Þórður Guðjón kr. 500.00 í þóknun til skipaðs verjanda síns, Sveinbjörns Jónssonar hæstaréttarlögmanns. Allan annan sakarkostnað greiði ákærðu in solidum, þar á meðal þóknun til skipaðs sækjanda málsins, Loga Einarssonar héraðsdómslögmanns, kr. 700.00.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.